

Til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og villtra spendýra

Sú umsögn, er á eftir fer, lýtur að þeim hluta frumvarpsdraganna, sem horfir til breytinga á umgjörð veiða á villtum fuglum. Það sem helst vakir fyrir undirrituðum í því efni er að gera alvarlegar athugasemdir við fyrirhugað bann við fýlaveiðum eins og þær hafa verið stundaðar um langa hríð. Verða leidd rök að því að bannið sé lítt rökstutt sé litið til þeirrar verulegu hagsmunaskerðingar, sem í því felst, og vilji ríkisvaldið banna jafnrótgróna hlunnindanýtingu og fýlaveiðar, verði að vanda betur til verka í undirbúningi og rökstuðningi.

Í 3. tl. 24. gr. frumvarpsdraganna er nógildandi undanþága, sem getur að líta í 3. tl. 1. mgr. 9. gr. nógildandi laga nr. 64/1994, felld á brott til samræmis við bann á veiðum ófleygra unga, sem birtist í 10. gr. frumvarpsdraganna. Þessi tvíþætta breyting frá nógildandi lögum felur, sem fyrr segir, í sér bann við fýlaveiðum eins og þær hafa verið stundaðar, sérstaklega undir Eyjafjöllum og í Mýrdalshreppi. Á þessum svæðum hafa fýlsungar verið veiddir með bareflum um langa hríð og telst þessi hlunnindanýting hefðbundin og hefðhelguð, sbr. 4. mgr. 20. gr. laga nr. 64/1994 og 3. tl. 1. mgr. 9. gr. sömu laga.

Ljóst er að sú hlunnindanýting, sem felst í veiðum ófleygra fýlsunga, er stunduð á grundvelli eignarréttar bænda og annarra á þeim svæðum þar sem veiðarnar eru stundaðar. Af þessum sökum er ljóst að ríkisvaldið þarf að fara varlega við skerðingu á hefðhelguðum aðferðum landeigenda við að neyta eignarréttar síns og gæta í því efni að stjórnskipulegu meðalhófi. Sú umfjöllun, sem liggur breytingunni til grundvallar, virðist nær aðeins vera dregin úr hinni svonefndu villidýraskýrslu frá 2013. Þar verður ekki betur séð en að grundvöllur stefnubreytingarinnar um afnám undanþága vegna notkunar barefla annars vegar og veiða á ófleygum fuglum hins vegar sé einungis byggð á alþjóðlegum skuldbindum Íslands, þ.e. Parísar- og Bernarsamningum. Ekki verður séð

að nein raunveruleg tilraun sé gerð til að réttlæta brottfall fyrrgreindrar undanþágu nógildandi laga önnur en sú að vísa til þess að ekki sé um að ræða verulega fjárhagslega hagsmuni (sbr. bls. 224 í fyrrgreindri skýrslu) en ekki virðist gerð tilraun til að varpa ljósi á virði fýlaveiða með hliðsjón af sveitamenningu, matarmenningu og þjóðlegri geymd, sem tengir eina kynslóð við þá næstu. Í ofanálag verður að telja að ekki hafi farið fram ítarleg könnun á fjárhagslegu mikilvægi fýlaveiða, aukinheldur hvort fjárhagslegt mikilvægi þeirra kunni að aukast í framtíðinni með breyttum matarvenjum og aukinni áherslu á fæðuöflun innanlands.

Í almennum hluta greinargerðar frumvarpsdraganna er þeim rökum og teflt fram í samhengi við bann við veiðum ófleygra unga að bæði siðferðisrök og dýravelferðarsjónarmið hnígi í átt til slíks banns, sbr. kafla 3,4 í greinargerð frumvarpsdraga. Undirritaður telur að í þeirri miklu deiglu, sem umræða um réttindi dýra og siðferðilegan fýsileika dýraáts, sé óvarlegt að slengja því fram að siðferðisrök og dýravelferðarsjónarmið hnígi eindregið í aðra áttina. Ekki verður séð að tilraun sé gerð til að útskýra hvernig siðferðisrök og dýravelferðarsjónarmið hnígi í bannátt þegar kemur að fýlaveiðum en ekki þegar kemur að til dæmis slátrun lambfjár, sem verður ekki undankomu auðið ólíkt fýlnum. Hyggur undirritaður að í þeirri fullyrðingu greinargerðarinnar, sem að ofan er getið, felist mögulega kúvending í siðfræðilegri afstöðu til hagnýtingar á dýrum og að ekki hafi farið fram nægileg umræða í samfélaginu svo slá megi þessum siðferðisvísium föstum.

Hér að ofan hefur verið tæpt á nokkrum röksemdum gegn banni við hefðbundnum fýlaveiðum. Brýnir undirritaður ráðuneytið til að taka afstöðu sína til hlunnindanýtingar bænda í formi fýlaveiða til endurskoðunar.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Davíð Stefánsson (sign.)

